

hátt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.800.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Eiríki Kristóferssyni skipherra.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregizt, vegna þess að 22. þ. m. var lagt fram bréf frá Sveini Snorrasyni hæstaréttarlögmanni, þar sem hann óskaði eftir, að málið yrði endurupptekið, en krafa hæstaréttarlögmannsins var ekki tekin til greina með úrskurði, uppkveðnum 29. maí s.l.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Sturlaugi Jónssyni & CO., kr. 220.815.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 228.378.00 frá 1. apríl 1969 til 27. nóvember 1969, en af kr. 178.378.00 frá þeim degi til greiðsludags og af kr. 42.437.00 frá 1. apríl 1970 með 7% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 21.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. desember 1971.

Nr. 128/1971. Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ástþóri Guðnasyni

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staðar-

ákvarðanir skipstjórnarmanna varðskipsins Ægis. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 11. október 1971, segir m. a. svo:

„A = staður varðskipsins kl. 1735 h. 25/7 '71. Þá mælist báturinn á stað a um 2,35 sjóm. frá landi eða um 0,65 sjóm. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1741. Þá mælist báturinn á stað b um 0,7 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1747. Þá mælist báturinn á stað c um 0,85 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1753. Þá mælist báturinn á stað d um 0,6 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 1759. Þá mælist báturinn á stað e um 0,4 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 1805. Þá mælist báturinn á stað f á bannsvæðismörkunum.

G = staður varðskipsins kl. 1825 við hlið bátsins. Staður G mælist um 1,2 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 4,0 sjóm., b—c um 3,5 sjóm., c—d um 3,5 sjóm., d—e um 4,0 sjóm., e—f um 4,0 sjóm. og f—G um 3,6 sjóm.

Þar sem kortið er í litlum mælikvarða og tíminn er stuttur milli staðarákvarðana, nema milli f og G, auk þess að vera tiltekinn aðeins með mínútu nákvæmni, má gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli hinna einstöku mælistaða. Meðaltal hraðanna milli kl. 1735 og 1825 reiknast mér um 3,8 sjóm. Tel ég, að það geti staðizt sem toghraði.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-ratsjár varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins mest um 0,1 sjóm. utar.

Þá hef ég sett út í sama sjókort staðarákvörðun stýrimannsins á m/b Gullfaxa kl. 1605, þegar búið var að kasta, staður X auðkenndur með grænum lit. X mælist um 3,0 sjóm. utan bannsvæðismarkanna“.

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að skip

ákærða, m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um. Varðar brotið við lagaákvæði þau, sem í ákæru-skjali greinir, að öðru leyti en því, að heimfæra ber það undir C 2, sbr. C 1 liði 2. gr. laga nr. 21/1969 í stað D 1, sbr. D 2 liði 2. gr. sömu laga, sbr. heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, verður að telja ákærða ábyrgan fyrir sekt þeirri, sem til hefur verið unnið eftir greindum lagaboðum, en honum verður eigi dæmd refsivist til vara, þar sem hann átti ekki saknæman þátt í brotinu.

M/b Gullfaxi, VE 102, er 140 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 14. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlákronum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hætarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ástþór Guðnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 29. júlí 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 29. júlí, er á dómþingi sakadóms Árnessýslu, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Jóni A. Ólafssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, sem dómsformanni og meðdómsmönnum Sigurði Guðjónssyni og Þorfinni Valdimarssyni skipstjórum kveðinn upp dómur í málinu nr. 29/1971: Ákæruvaldið gegn Ástþóri Guðnasyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. í gær, gegn Ástþóri

Guðnasyni skipstjóra, C-götu 24, Þorlákshöfn, fæddum 14. maí 1928 í Neskaupstað, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis sunnudaginn 25. júlí 1971 undan Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 1, sbr. D 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, nr. 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákæríst því nefndur Ástþór Guðnason til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Ákærði er skipstjóri á m/b Gullfaxes, VE 102, sem er 140 brúttó-rúmllestir að stærð.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varðs skipsins Ægis, dags. 26. þ. m., segir á þessa leið:

„Sunnudaginn 25. júlí 1971 var m/b Gullfaxi, VE 102, skipstjóri Ástþór Guðnason, f. 14. maí 1928, til heimilis að C-götu 24, Þorlákshöfn, staðinn að ólöglegum togveiðum við Ingólfshöfða. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Sunnudaginn 25. júlí 1971 var varðskipið á eftirlitsferð undan Ingólfshöfða. Um kl. 17.34 var tekið eftir fiskibát skammt undan landi A við Ingólfshöfða.

Kl. 17.35 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 9,8 sjóm. Báturinn miðast r/v 008°, fjl. 10,85 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjómílur frá landi.

Kl. 17.41 er staðarákvörðunin endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 9,75 sjóm. Báturinn miðast r/v 009°, fjl. 11,2 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjóm. frá landi.

Kl. 17.47 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 351°, fjl. 8,9 sjóm. Báturinn miðast r/v 010°, fjl. 10,65 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,1 sjóm. frá landi.

Kl. 17.53 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 346°, fjl. 7,35 sjóm. Báturinn miðast r/v 011°5, fjl. 9,2 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,3 sjóm. frá landi.

Kl. 17.55 sást, að báturinn hafði A-læga stefnu.

Kl. 17.59 er staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnef) miðast r/v 338°, fjl. 5,8 sjóm. Báturinn miðast r/v 014°, fjl. 7,6 sjóm. Gefur það stað bátsins um 2,6 sjóm. frá landi.

Kl. 18.05 var staðarákvörðunin enn endurtekin:

Ingólfshöfði (Eiríksnes) miðast r/v 318°, fjl. 4,3 sjóm. Báturinn miðast r/v 017°, fjl. 5,4 sjóm. Gefur það stað bátsins um 3,1 sjóm. frá landi.

Þegar staðarákvörðunin kl. 18.05 var gerð, sást, að stefna bátsins var S-læg.

Kl. 18.25 var komið að m/b Gullfaxa, VE 102, sem var að toga með stb. vörpu og hafði S-læga stefnu. Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Ingólfshöfði, fjl. 5,1 sjóm.

Salthöfði, fjl. 5,6 sjóm.

Var skipstjóra bátsins sagt að hífa inn vörpuna, sem hann gerði, og kom varpan úr sjó kl. 18.57“.

Ofangreindar mælingar voru gerðar af skipherranum, Sigurði Þorkeli Árnasyni, Þovaldi Birgi Axelssyni, 1. stýrimanni, og Hálfðáni Henrýssyni, 2. stýrimanni. Þeir hafa allir þrír komið fyrir dóm og staðfest, að allar staðarákvarðanir séu rétt tilgreindar og rétt settar út í sjókort, er fylgdi kæru varðsksipsins.

Ákærði neitar því eindregið, að m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að ólöglegum togveiðum, þótt hann kannist við að hafa verið á veiðum á þeim tíma, sem getið er um í kæru varðsksipsins. Umræddan sunnudag kvaðst ákærði hafa farið að sofa einhvern tíma milli kl. 1100 og 1200 og vaknað um kl. 1800, en á umræddu tímabili stjórnaði stýrimaðurinn, Jónas Þór Jakobsson, bátnum. Er ákærði vaknaði, var skip hans á togi og varðskipið við hliðina. Ákærði kveðst hafa togað í um stundarfjórðung sjálfur og gerði jafnframt árangurslausar tilraunir til að hafa radiósamband við varðskipið og lét síðan hífa. Staðarákvörðun gerði ákærði, er hann kom upp, og reyndist bátur hans þá vera langt fyrir utan fiskveiðimörkin.

Jónas Þór Jakobsson, stýrimaður á Gullfaxa, ber, að hann hafi verið við stjórn skipsins, meðan ákærði svaf, og að það tog, sem

hér skiptir máli, hafi byrjað kl. um 1600, og voru veiðarfærin í botni kl. 1605. Stýrimaður gerði þá staðarákvörðun, og reyndist báturinn vera um 5.5 mílur frá Ingólfshöfða og 6.6 mílur frá Salthöfða. Frá þessum stað var síðan togað vestan frá Ingólfshöfða í um 4 mílur, þá sneri stýrimaður á bakborða hægt og sigandi og var næst Höfða í snúningi 3.6 mílur. Síðan togaði stýrimaðurinn aftur austur um og þar til hann var kominn $\frac{1}{2}$ mílu austar en hann byrjaði upphaflega að toga. Þá togaði stýrimaðurinn að landinu og togaði vestast í norður, þar til það var komið 3.7 mílur frá Höfða, og þá beygði stýrimaðurinn austur um og varð næst Höfða 3.2 mílur. Stýrimaðurinn bar, að þarna hafi verið mikið um báta og á þessu togi, er stýrimaðurinn var í stefnu, sem leiðir næst landinu, hafi hann dregið fyrir aftan bátinn Álaborg, en skipverjar hennar voru í netjaviðgerðum. Þá kom m/b Guðmundur Kristján, BA, á stefnu nálægt suðvestri innarlega frá af Eyrinni, og beygði stýrimaðurinn aftur með honum, þ. e. a. s. út og suður, og mun stýrimaðurinn þá hafa verið nálægt stefnu austur og beygði hægt og sigandi út um og ákvað að láta það ráðast að klára togið austur eftir Eyrinni, þótt hann ætti til góða allt að $\frac{1}{2}$ mílu til að vera 0.2 mílur fyrir utan línu.

Kl. um 1840 stöðvaði varðskipið þá, en skipstjórinn var þá kominn upp, og bar stýrimaðurinn, að er þetta átti sér stað, hafi hann farið að sjá vel til fjöruborðsins, og minnti, að þegar hann leit síðast í radarinn, hafi hann verið um 4.6 mílur frá landi, og þar sem stýrimaðurinn taldi sig aldrei hafa verið nær landi en 3.1 mílu, undraði hann sig á ferðum varðskipsins.

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða og stýrimanns hans þykir sannað með staðarákvörðunum varðskipsmanna, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, að m/b Gullfaxi, VE 102, hafi verið að togveiðum innan 3ja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins við Ingólfshöfða, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og C 2 liði 2. gr. laga nr. 21/1969, en innan þar greindra marka eru botnvörpuveiðar með öllu bannaðar.

Ákærði ber sem skipstjóri refsíabyrgð að þessu leyti, þótt fram hafi komið, að hann hafi ekki verið við stjórn skipsins, er varðskipsmenn ákvörðuðu stað þess.

Ákærði verður samkvæmt þessu dæmdur í refsingu samkvæmt 1. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og verður refsing hans, sem ekki hefur verið fyrr kærður fyrir fiskveiðibrot, ákveðin með hliðsjón af

stærð skipsins og gullgengi íslenzkrar krónu (100 gullkrónur 3.932.93 pappírskrónur) kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs. Hins vegar þykir ekki eiga að dæma ákærða til refsivistar til vara, þar sem eigi er upp komið, að hann, sem var sofandi, hafi átt saknaeman þátt í brotinu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber að gera veiðarfæri skipsins upptæk til handa Landhelgissjóði svo og andvirði afla þess, sem var í skipinu, þar sem hann hefur verið seldur Meitlinum h/f í Þorlákshöfn og Ísbirninum h/f í Reykjavík.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, kr. 8.000.00, í ríkissjóð og laun verjanda hans, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ástþór Guðnason, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs.

Verðmæti afla og veiðarfæra m/b Gullfaxa, VE 102, skulu upptæk til Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
